

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/685

komudagur 22/1 1996

Kópavogi, 15.01.1996.

Til Allsherjarnefndar Alþingis,  
frá Turner samtökunum á Íslandi,  
v/frumvarps til laga um tæknifrjóvgun.

Við teljum að frumvarpið sé vel unnið, taki á öllum þáttum sem málið varðar.

Við vonum einnig að stöðu þeirra er þurfa á tæknifrjóvgun að halda sé betur borgið með lagasetningu í þessu formi.

Veigamiklum þáttum eins og hag barns og fjölskyldu og nafnleynd eru gerð góð skil.

Mikilvægt er að fólki sé ekki mismunað eftir því hvor aðilinn í sambandinu á við ófrjósemi að stríða. Það er því nauðsynlegt að tryggja að konur eigi aðgang að gjafaeggfrumum.

Sérstaða Turner kvenna er sú að þær hafa haft vitneskju um ófrjósemi sína frá upphafi og veigamikill þáttur í uppeldi og lífi þeirra er að þær eigi kost á þessari þjónustu, þar sem allir aðrir líkamlegir og félagslegir þættir eru eðlilegir.

Einnig væri æskilegt að þær þyrftu ekki að bíða eftir meðferð þann tíma sem eðlilega færi í rannsóknir á orsökum ófrjóseminnar.

Virðingafyllst

F.h. Turner samtakanna

Soffía Fransíska Rafnsdóttir

Soffía Fransíska Rafnsdóttir